

er samkomulag, falið stjórnendum eða stjórnnum stofnana að staðfesta ráðningarbréf starfsmanna. Slíka heimild getur fjármálaráðuneytið afturkallað einhliða með þriggja mánaða fyrirvara.

III. KAFLI  
Um gildistöku.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

**LÖG**

um breyting á lögum nr. 173. apríl 1990  
um ábyrgðadeild fiskeldislána.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi 3. másl. 1. mgr. 22. gr., 3. mgr. 22. gr. og setningarhlutinn „og nánari reglur um álagningu og innheimtu gjalda skv. 22. gr. ef til þess kemur“ úr 1. mgr. 23. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. lög nr. 3/1989, um breyting á þeim. Skuldaviðurkenningar, sem fiskeldisfyrirtæki hafa gefið út vegna áhættugjalds á grundvelli sömu lagaheimilda, falla einnig úr gildi. Hinn 1. júlí 1990 fellur úr gildi II. kafli laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. lög nr. 3/1989, um breyting á þeim. Jafnframt því að yfirtaka þær einföldu ábyrgðir sem Tryggingasjóður fiskeldislána hefur gefið út til handa Framkvæmdasjóði Íslands, skal ábyrgðadeild fiskeldislána yfirtaka sjálfskuldarábyrgðir sem Framkvæmdasjóður hefur undirgengist gagnvart lánastofnun á grundvelli þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. desember 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Ólafur Ragnar Grímsson.*